



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

24. fundur

Haldinn að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 30. september. 2015, kl 09:15.

Mætt: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Helgi Héðinsson, varamaður Sigurðar G. Böðvarssonar, Guðrún Brynleifsdóttir,

Friðrik Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Umsókn Landsvirkjunnar um framkvæmdaleyfi vegna tveggja borhola á Kröflusvæði
3. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga
4. Útboð á snjómokstri í Reykjahlíðarþorpi
5. Nafn á nýrri götu í Reykjahlíðarþorpi
6. Húsnæðismál Leikskólans Yls
7. Bréf Umhverfis og auðlindaráðuneytisins dags 1. september 2015

Efni til kynningar;

Fundargerðir Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra frá 24. júní og 2. september

Fundargerð stjórnar Eyþings frá 26. ágúst 2015

Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð stjórnar Dvalarheimils Hvamms frá 15. september 2015

Fundargerð stjórnar leigufélags Hvamms frá 15. september 2015

1. Oddviti setti fund og bauð Guðrúnu Brynleifsdóttur velkomna til starfa að loknu fæðingarorlofi.
2. Tekið fyrir að nýju erindi Landvirkjunnar um umsókn um framkvæmdaleyfi vegna tveggja borhola á Kröflusvæði. Erindinu var frestað á fundi sveitarstjórnar þann 9. september 2015. Fulltrúar sveitarstjórnar hafa átt fundi með fulltrúum Landsvirkjunar og fulltrúum Landeigenda Reykjahlíðar ehf. Einnig hafa borist upplýsingar frá Skipulagsstofnun um að fyrirhugaðar viðhaldsholur K-41 og K-42 hafi hlotið viðeigandi málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, þegar fjallað var um tilhögun viðhaldshola og nýtingar í mati á umhverfisáhrifum Kröflustöðvar árið 2001. Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu. *Sveitarstjórn Skútustaðahrepps heimilar framkvæmdaleyfið með hliðsjón af fengnu lögfræðialiti Jóns Jónssonar hrl og álitni Skipulagsstofnunar.* Samþykkt samhljóða. Helgi Héðinsson vék af fundi undir afgreiðslu þessa liðar.
3. Sveitarstjóri lagði fram drög að svari við bréfi EFS dags 13. júlí 2015. *Sveitarstjórn samþykkir framlögð gögn og felur sveitarstjóra að ljúka við svarið í samræmi við umræður á fundinum.*
4. Sveitarstjórn samþykkir að bjóða út snjómokstur í Reykjahlíðarþorpi til næstu fjögurra ára. *Sveitarstjóra falið að vinna útboðsgögn.*
5. *Sveitarstjórn felur Skipulagsnefnd að koma með tillögu að nafni.*
6. Umræður urðu um málið. Afgreiðslu frestað meðan frekari gögn eru í vinnslu.

YRK


7. Í bréfinu er boðað til IX Umhverfingsþings föstudaginn 9. október 2015. Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir mun sækja þingið.

Fundi slitið kl. 10:00


Yngvi Ragnar Kristjánsson


Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir


Guðrún Brynleifsdóttir


Helgi Héðinsson


Friðrik Jakobsson


Jón Óskar Pétursson